

66. kirkjuþing 2024-2025

7. mál – þskj. 7a

TILLAGA

að starfsreglum um embætti biskups Íslands.

Flm. Stefán Magnússon, Auður Thorberg Jónasdóttir,
Óskar Magnússon og Steindór R. Haraldsson

1. gr.

Biskup Íslands er vígður af forvera sínum eða þeim vígslubiskupi sem eldri er að vígslu.

Dómkirkjan í Reykjavík er kirkja biskups. Auk þess hefur biskup afnot af kirkjum og öðru húsnæði þjóðkirkjunnar til helgihalds og boðunar þegar á þarf að halda.

2. gr.

Biskup skal efla og varðveita einingu kirkjunnar á grundvelli Guðs orðs og játninga hinnar evangelísk lútersku þjóðkirkju.

3. gr.

Biskup fer með yfirstjórn vígðrar þjónustu.

Biskup skal

- Sjá til að prestar, djáknar og söfnuðir sinni skyldum sínum að veita kirkjulega þjónustu í sóknum sínum og að guðsþjónusta, kærleiksþjónusta og fræðsla standi sóknarbörnum til boða.
- Sjá til að prestar hafi sakramentin um hönd, boði fagnaðarerindið með orðum og verkum eins og því er vitni borið í Ritningunni, játningum þjóðkirkjunnar, lögum og starfsreglum. Biskupi er heimilt að veita undanþágur frá gildandi helgisiðum.
- Sjá til að vígðir þjónar kirkjunnar lifi og starfi í samræmi við vígsluheiti sitt.
- Sjá til að prestum og djáknum bjóðist handleiðsla, símenntun og endurmenntun skv. starfsreglum þar að lútandi.
- Skera úr í deilumálum varðandi vígða þjónustu, notkun kirkna og safnaðarheimila.
- Útnefna prófaste og setja þá í embætti.

4. gr.

Biskup veitir forystu og hefur tilsjón með þjónustu og starfi safnaða þjóðkirkjunnar, vígðra þjóna og annarra starfsmanna og sjálfboðaliða hvað varðar helgihald, kærleiksþjónustu, fræðslu og aðra boðun trúarinnar.

5. gr.

Biskup vísiterar söfnuði þjóðkirkjunnar.

Biskup skal láta halda fullnægjandi skrá um ásigkomulag kirkna, innanstokksmuni og gripi, eignir hennar og hlunnindi.

6. gr.

Biskup vígir presta og djákna.

Biskup gefur út vígslubríf sem er staðfesting þess að viðkomandi hefur þegið vígslu og lýtur tilsjón biskups og tilmæli til safnaðar að veita vígðum þjóni sínum viðtöku sem réttilega kölluðum þjóni.

Biskup setur prestum erindisbréf.

7. gr.

Biskup vígir kirkjur og kapellur.

Biskupi er heimilt að gefa leyfi til að nota óvígð húsakynni til helgihalds kirkjunnar.

8. gr.

Biskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Biskupi er heimilt að sitja fundi í stjórn þjóðkirkjunnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Biskup skal sitja fundi stjórnarinnar þegar fjallað er um málefni vígðrar þjónustu.

9. gr.

Biskup leggur í samstarfi við framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar fram fjárhagsáætlun fyrir vígða þjónustu fyrir kirkjuþing ár hvert.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 8. gr. laga 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Með þessum starfsreglum er leitast við að setja ramma um störf og skyldur biskupsembættisins án þess að fara um of út í smáatriði eða framkvæmdaratriði sem eiga betur heima í vinnureglum biskups en sem formlegar starfsreglur. Eðlilegt er að biskup hafi, innan eðlilegra marka, ákveðið svigrúm til að móta starfshætti sína og eftir atvikum setja sitt mark á embættið. Leitast er við að hafa þessar starfsreglur stuttar og án mikilla stýringa á því hvernig hlutir eru framkvæmdir. Jafnframt er reynt að draga úr endurtekningum þ.e. hafa ekki atriði í þessum reglum sem fyrir eru í öðrum starfsreglum.